

Fimmtudaginn 9. febrúar 1978.

Nr. 27/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Ólafi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með kæru 1. febrúar 1978 hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Skjöl málsins bærust Hæstarétti 6. þ. m.

Hvorki hefur borist greinargerð frá varnaraðilja né ríkis-saksóknara.

Varnaraðili er grunaður um að hafa á sl. ári átt þátt í innflutningi mikils magns fíkniefna, sem sögð eru hafa verið falin í notuðum sjónvarpstækjum. Varnaraðili hefur ýmist neitað sakargiftum eða að svara spurningum dómara og rannsóknarlögreglumanna. Hann kveðst þó hafa fengið að gjöf sjónvarpstæki erlendis frá. Aðrir, sem yfirheyrðir hafa verið um sakaratriði, bera aftur á móti, að varnaraðili hafi átt hlut að máli í innflutningi greindra efna og ráðstöfun á þeim.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Það athugast, að málsatvikalýsingu er áfátt í hinum kærða úrskurði. Eigi þykja þó efni til að ómerkja hann af þeim sökum, eins og mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt. Varnaraðili hefur og kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðinn 2. þ. m., þar sem honum er gert að sæta allt að 60 daga gæsluvarðhaldi vegna sömu sakargifta og greinir í hinum kærða úrskurði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 1. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 1. febr. 1978, var á dómþingi sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem háð var af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í máli þessu.

Samkvæmt beiðni sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum hefur verið óskað rannsóknaratbeina þessa dóms vegna gruns á hendur kærða, Ólafi Þór Jónssyni, Þórustöðum, Ölfusi, fæddum 13. mars 1954, um alvarlegt fíkniefnamisferli, en sakadómsrannsókn málsins fer fram við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum í Reykjavík og tengist mörgum aðiljum.

Jónas Hallsson lögreglumaður hefur í dag munnlega óskað eftir, að kærði verði úrskurðaður í gæsluvarðhald, svo hægt sé að koma honum til Reykjavíkur í sambandi við rannsókn aðalmálsins þar.

Það þykir því brýn nauðsyn að koma kærða til Reykjavíkur til frekari yfirheyrslu hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnum (sic).

Með hliðsjón af framanskráðu og með tilvísun til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í allt að 5 daga gæsluvarðhald.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Þór Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 5 dögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1978.

Nr. 28/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Ólafi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Arnar Guðmundsson, fulltrúi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.